



Borgarráð

Samræmt útlit á gögnum Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að gerðar verði breytingar á notkun skjaldamerkis Reykjavíkurborgar þannig að unnt sé að notast við samræmt útlit sniðmáta fyrir alla borgina. Með þeirri breytingu er dregið úr kostnaði til framtíðar og jafnframt styrkt ímynd Reykjavíkurborgar sem heildar.

Greinargerð:

Með tilkomu nýs upplýsingatæknikerfis, Hlöðunnar, felst tækifæri í því að samræma útlit allra skjala og gagna Reykjavíkurborgar. Sniðmát af skjölum hafa nú verið útbúin vegna tilkomu Hlöðunnar, í samræmi við reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar, samþykktar í borgarráði 10. ágúst 2004. Þrettán sniðmát hafa verið samræmd fyrir Reykjavíkurborg í Hlöðunni. Með því að nota sama skjaldamerkið fyrir alla borgina, sem er einungis merkt Reykjavíkurborg í stað mismunandi skjaldamerkja, ásamt því að sleppa mismunandi upplýsingum neðst í hægra horni fyrir hvert og eitt embætti, deild eða stofnun, er verið að fækka sniðmátum umtalsvert. Til upplýsinga hafa nú þegar verið talin 159 mismunandi sniðmát sem notast er við í dag en þá eru ekki öll svið borgarinnar og starfsstöðvar þeirra talin með. Því er ljóst að mikil vinna og viðhald og þar af leiðandi kostnaður felst í því að hafa sniðmátin með mismunandi hætti. Eðlilegt þykir að starfsmenn borgarinnar notist við einsleit skjöl þar sem um er að ræða einn og sama vinnustað sem jafnframt styrkir ímynd borgarinnar. Breyta þyrfti reglum um notkun á merki Reykjavíkurborgar frá 10. ágúst 2004 í samræmi við slíka breytingu.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Minnisblað þjónustu- og nýsköpunarsviðs um samræmt útlit á gögnum Reykjavíkurborgar, dags. 23. mars 2021.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsvið, Óskar Jörgen Sandholt

Sendandi: Skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar, undirrituð

Minnisblað Samræmt útlit á gögnum Reykjavíkurborgar

Hjá Reykjavíkurborg er verið að taka í notkun nýtt upplýsingastjórnunarkerfi sem ber heitið Hlaðan. Með tilkomu Hlöðunnar og rafræns umhverfis fylgir tækifæri á því að að samræma útlit allra skjala og gagna borgarinnar. Eðlilegt verður að teljast að starfs fólk borgarinnar notist við einsleit skjöl, enda er um að ræða einn vinnustað.

Samkvæmt samþykktum reglum borgarráðs frá 10. ágúst 2004 um notkun á merki Reykjavíkurborgar¹ er skjaldamerkið notað til þess að auðkenna starfsemi borgarinnar. Heitið Reykjavíkurborg er í yfirtitli og heiti viðkomandi embættis, deildar eða stofnunar þar undir.

Með tilkomu Hlöðunnar hafa verið útbúin sniðmát af skjölum í samræmi við fyrrgreindar reglur. Sniðmát bréfsefna, minnisblaða og orðsendinga skulu meðal annars taka mið af 5.1. gr. Í greininni segir að á bréfsefni skuli vera skjaldamerki borgarinnar ásamt heiti embættis, deildar eða stofnunar staðsett efst í vinstra horni. Þar að auki innihalda sniðmátin upplýsingar neðst í hægri horni í samræmi við fyrirmyndir að bréfsefni samkvæmt hönnunarstaðli sbr²:



¹https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjaldarmerki/Reglur_um_notkun_%C3%A1_merki_Reykjav%C3%ADkurborgar-borgarr.pdf

² https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjaldarmerki/H%C3%B6nnunarsta%C3%B0all.pdf



Eftirtalin þrettán sniðmát í Hlöðunni eru samræmd fyrir Reykjavíkurborg:

- | | |
|------------------------|-----------------------|
| ✓ Autt skjal með merki | ✓ Orðsending |
| ✓ Bréf | ✓ Símtal |
| ✓ Erindisbréf | ✓ Svar við fyrirspurn |
| ✓ Fundargerð | ✓ Tillaga |
| ✓ Fyrirspurn | ✓ Umsögn |
| ✓ Heimsókn | |
| ✓ Minnisblað | |
| ✓ Minnispunktar | |

Með því að notast við skjaldamerki merkt hverju og einu embætti ásamt mismunandi upplýsingum neðst í hægra horni fjölga útgáfunum af ofangreindum sniðmátum þó til muna.

Sem viðmið má nefna eftirfarandi fjölda sniðmáta:

- Hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði (ÞON) hafa verið útbúin 26 sniðmát, þ.e. 13 þvert á ÞON og 13 fyrir Borgarskjalasafn.
- Fyrir miðlæga stjórnsýslu hafa verið útbúin 52 sniðmát, þ.e. sér sniðmát fyrir Borgarlögmann, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Skrifstofu borgarstjórnar.
- Á mannauðs- og starfsumhverfissviði er um að ræða 13 sniðmát.
- Á fjármála- og áhættustýringarsviði er um að ræða 13 sniðmát.
- Hjá umhverfis- og skipulagssviði hafa verið útbúin 65 sniðmát, 13 þvert á svið en sér 13 fyrir Bílastæðasjóð, Byggingarfulltrúa, Heilbrigðiseftirlitið og Skipulagsfulltrúa.

Samtals hafa því verið útbúin 159 sniðmát og er ljóst að með áframhaldandi innleiðingu Hlöðunnar á öðrum sviðum borgarinnar munu sniðmátunum fjölga enn frekar.

Þegar til alls þessa er litið er ljóst að mikil vinna og viðhald er fólgin í því að hafa sniðmát með mismunandi skjaldamerki ásamt upplýsingum neðst í hægra horni fyrir hvert og eitt embætti, deild eða stofnun. Einnig gætu skipulagsbreytingar og smávægilegar breytingar á sniðmátunum sjálfum haft í för með sér mikla viðhaldsvinnu til framtíðar.

Með því að notast við eitt og sama skjaldamerkið fyrir alla borgina, þ.e. aðeins merkt Reykjavíkurborg, ásamt því að sleppa upplýsingum neðst í hægra horni væri unnt að notast við sömu þrettán sniðmátin þvert á alla borgina. Til þess að aðgreina skjölin er lagt til að hafa heiti sviðs og skrifstofu fyrir ofan undirskrift þegar það á við og mun málsnúmer á skjölunum þar að auki tilgreina á hvaða sviði það var stofnað hverju sinni.

Er með minnisblaði þessu óskað eftir því að gerðar verði breytingar á notkun skjaldamerkisins, þannig að unnt sé að notast við samræmt útlit sniðmáta fyrir alla borgina.

Virðingarfyllst,
Gunnhildur Lilja Sigmundsdóttir
skrifstofu stjóri upplýsinga- og skjalastýringar
Þjónustu- og nýsköpunarsvið